

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

11. febrúar 2016

Vegna: Drög að breytingum á starfsreglum verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar

Vísað er til draga að breytingum sem kynntar voru á vef ráðuneytisins 2. febrúar sl. Að mati Samorku eru breytingarnar almennt séð til bóta og fagna samtökin þeim. Mjög mikilvægt er að stjórnarsýsluumgjörð og lagaleg staða þessarar vinnu sé skýr og óumdeild.

Samtökin fagna þess vegna t.d. þeim breytingum sem lagðar eru til varðandi stjórnarsýsluþáttinn, sbr. nýja gr. 2 og breytingar á gr. (sem við breytinguna verða nr.) 5, 7 og 13 í því samhengi. Einnig er að mati Samorku afar mikilvægt að sjónarmið um hagkvæmni og efnahagsleg áhrif fái aukið vægi í vinnu við 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, frá því sem var í 2. áfanga, og því fagna samtökin tillögum þess efnis að bæta við tilvísunum í efnahagsleg áhrif og samfélagsleg áhrif í nýjum liðum 8 og 9 við (sem við breytingu verður) 7. gr. Að mati samtakanna ætti þó að bæta þarna við tveimur liðum til viðbótar: hagkvæmni og arðsemi, sem m.a. er vísað til í 1. gr. (markmiðsgrein) laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Vissulega er þarna unnið með gögn um þau atriði sem lögð eru fram af hálfu Orkustofnunar, og byggð á upplýsingum frá viðkomandi orkufyrirtækjum þar sem við á. Engu að síður er það mat Samorku að vinna mætti dýpri greiningu á mismunandi hagkvæmni orkukosta út frá þeim gögnum, t.d. með aðferðafræði sem á íslensku hefur verið nefnd veginn meðalkostnaður (e. levelized cost of energy). Með slíkri aðferðafræði er hagkvæmni orkukosta jafnframt borin saman út frá viðurkenndum viðmiðum um fjármagnskostnað og líftíma orkukosta.

Ennfremur fagna samtökin að skýrt sé það verklag sem viðhafa ber varðandi umfjöllun um orkukosti sem Orkustofnun teflir fram og varðandi endurmat orkukosta, sbr. ráðgerðar breytingar á gr. 6-8. Að mati Samorku er þarna á ferðinni rétt túlkun á ákvæðum fyrrgreindra laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Samorka vill hins vegar vekja athygli á ákvæði 12. (nú 10.) greinar, þess efnis að fulltrúar í verkefnisstjórn hafi þagnarskyldu um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í verkefnisstjórninni og leynt skuli fara samkvæmt upplýsingalögum... „nema um sé að ræða málefni sem stjórn ákveður að gera opinber.“ Í 20. (nú 18.) grein er að finna sambærilegt ákvæði um þagnar- og trúnaðarskyldu fulltrúa í faghópum, án þessarar viðbótar sem hér að framan er innan gæsalappa. Að mati Samorku er vandséð að verkefnisstjórnin geti tekið ákvarðanir um að gera upplýsingar opinberar sem þó skulu fara leynt skv. ákvæðum upplýsingalaga. Hér er því gerð tillaga um að umrætt ákvæði verði strikað út úr 12. (nú 10.) greininni. Tekið skal fram að ekkert tilefni hefur skapast til þessarar ábendingar af hálfu Samorku, í vinnu verkefnisstjórnar.

Loks vill Samorka vekja athygli á því að umsagnarfrestur um þessi drög er til 12. febrúar. Ráðgert er að faghópar verkefnisstjórnar ljúki sínum störfum 17. febrúar. Ljóst er að sumar þær breytingar á starfsreglum sem hér eru lagðar til munu hafa í för með sér breytingar er snúa m.a. að faghópunum og þeirra starfi, sbr. 7. gr.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri